

Uppgjör 1F 2021

Jón Björnsson Forstjóri


Gunnar Petersen Fjármálastjóri





Tekjur

- ✓ Skipting tekna og vöxtur á milli ára




Tekjuvöxtur	F1 2020	F1 2021
Notendabúnaður	38,8%	5,2%
Hugbúnaður	5,8%	9,0%
Rekstrarþjónusta	15,9%	-21,4%



EBITDA

- ✓ Samanburður F1 2021 og 2020 í mkr



EBITDA%	F1 2020	F1 2021
EBITDA%	5,5%	7,2%
EBITDA%*	6,4%	7,2%



Yfirlit

- ✓ Tekjur
 - ✓ Smávægileg tekjulækkun sem skýriðst af mikilli innviðasölu á síðasta ári
 - ✓ Áfram tekjuvöxtur notendabúnaði
 - ✓ Góður vöxtur í eigin hugbúnaði
- ✓ Hagnaður
 - ✓ Góð afkoma í notendabúnaði
 - ✓ Góð afkoma í hugbúnaði
 - ✓ Áframhaldandi lækkun á rekstrarkostnaði
 - ✓ Öflugur fjórðungur hjá Tempo
- ✓ Horfur
 - ✓ Verkefnastaða áfram góð
 - ✓ Útlit fyrir að ferðatengdar lausnir fari að sjá auknar tekjur

Stefnan er skýr

- ✓ Ágætur fyrsti fjórðungur að baki
 - ✓ Undirliggjandi söluauking og styrking á kjarnasviðum þrátt fyrir smávægilegan heildarsamdrátt upp á 2,4%.
 - ✓ Tæplega 80% af starfsfólki vinnur enn í fjarvinnu.
 - ✓ Mikil hreyfing á UT markaði.
- ✓ Vinnum eftir skýrum áherslum við uppbyggingu Origo
 - ✓ Félagið hefur skilgreint kjarnasvið sín og lagt af stað í vegferð til áframhaldandi styrkingar á þeim.
 - ✓ Innra skipulag hefur tekið breytingum í takt við strategískar áherslur.
 - ✓ Mikil áhersla lögð á hagræðingu, aukinn sveigjanleika félagsins og að auka getu félagsins til að geta náð fram breytingum hraðar.
 - ✓ Samfélagsáherslur spila stór hlutverk í rekstri Origo til framtíðar. Ábyrgð okkar gagnvart viðskiptavinum, starfsfólki og samfélaginu þarf að vera í forgrunni.



**Starfsfólk
F1 2021**
26% kvk og 74% kk



**Nýráðningar
F1 2021**
52% kvk og 48% kk%



**Starfsánægja
F1 2021**
4,2 af 5,0



**tCO2 Umfang 1
F1 2021**
23t (-12%)




**Flokkunarhlutfall
F1 2021**
73,4% (+6,7)



**Endurvinnsluhlutfall
F1 2021**
73,1% (+7,4)

Notendabúnaður – Áframhald á veltuaukningu

- ✓ 5% veltuaukning ofan á 38% veltuaukning síðasta árs
- ✓ Töluverðar áskoranir á innkaupahliðinni vegna ástands í heiminum
 - ✓ Birgðastaða of lág í nokkrum lykilvörum vegna skorts
- ✓ Besta niðurstaða í rekstri Tölvutek sem sést hefur
- ✓ Netverslun jókst um 55% og var um 27% af veltu sviðsins á móti 17% á síðasta ári
- ✓ Horfur eru heilt yfir ágætar
 - ✓ Spennandi nýjungar í vöruáherslum ársins
 - ✓ Áframhaldandi uppbygging á fjarvinnulausnum fyrirtækja
 - ✓ Netverslun auðveldar fyrirtækjum að ná sér í betri kjör og aukna þjónustu
 - ✓ Afgreiðslutengdar lausnir eru farnar að skila auknum tekjum og afkomubata en áherslubreytingar í lausnarframboði hafa skilað betri árangri á þessu sviði



Rekstrarþjónusta – erum að vinna í breytingum

✓ Fjárfest í 100% hlut í Syndis Öryggislausnum

- ✓ Kaup á öflugasta öryggislausnafélagi landsins og sameining þess við sterkt öryggisteymi Origo undir nafni Syndis.
- ✓ Öryggislausnir eru kjarnasvið hjá Origo og kaupin setja félagið í fyrsta sæti þegar kemur að UT öryggi sem er einhver mest vaxandi geiri innan upplýsingatækni.
- ✓ Sterk eining sem býður heildstæða stafræna öryggisþjónustu og ráðgjöf, þróar varnir gegn netárásum og gagna- og auðkennisþjófnaði svo dæmi séu tekin.


✓ Fjárfesting í 30% hlut í Datalab

- ✓ Markmið er að efla þjónustu á gagnadrifnum og snjöllum lausnum aðferðir úr smiðju gervigreindar og gagnavísinda eru nýttar til að sjálfvirknivæða viðskiptaferla, bæta upplifun notenda, auka sölu, draga úr óvissu, áhættu og kostnaði og auka skilvirkni í rekstri.

✓ Innviðasala í lágmarki

✓ Uppbygging á gagnaversumhverfi Origo verður tilbúið á 2F

- ✓ Reykjanes – Korputorg – Blönduós: Getum boðið upp á landfræðilegan aðskilnað kerfa og gagna, tvöfalda uppsetningu á milli kerfissala ásamt að reka og vakta þjónustur viðskiptavina í skýinu
- ✓ Við sjáum tækifæri í nýtingu á grænni orku og þeirri uppbyggingu sem hefur verið á gagnaverum innanlands, aukin eftirspurn er eftir HPC reikniþyrpingum og eru við að stíga skref í þá átt að bjóða upp á þjónustur til viðskiptavina innanlands sem utan.




Áfram fjárfest í eigin hugbúnaði

- ✓ 44% aukning í tekjum frá eigin hugbúnaði
- ✓ Product Lab – SaaS fókuseruð nýsköpun
 - ✓ 68% tekjuvöxtur í sprotum m.v. síðasta ár
 - ✓ Paxflow: Komið í loftið á markaðstorgi Bókunar. Með fyrstu lausnum þar í eigu þriðja aðila.
- ✓ Heilbrigðislausnir
 - ✓ Áframhaldandi Covid tengd verkefni
 - ✓ Markaðssetning á Smásöguappinu fyrir heimahjúkrun gengur afar vel og er unnið í frekari útvíkkun á virkni appsins til notkunar á spítölum.
- ✓ Viðbætur í Kjarna gefnar út
 - ✓ 5 útgáfur í Q1 2021 eftir tæknispretti í lok árs 2020 sem einfalda þróun
 - ✓ Viðverkerfi, viðbætur við stjórnendavef – orlof, laun, ráðningar ofl.
- ✓ Mikill vöxtur hjá Unimaze
- ✓ Viðskiptalausnir
 - ✓ Þrjár vörur fyrir Business Central komnar á Microsoft app source og fjórða lausnin kemur á F2.
 - ✓ Góð verkefnisstaða hjá SAP og SAP S/4HANA



Hugbúnaður og tengd þjónusta



Tempo – mjög sterkur fjórðungur að baki

32% tekjuvöxtur og 32% EBITDA

- ✓ 43% vöxtur í EBITDA
- ✓ 8% vöxtur í nýjum viðskiptavinum frá því í lok árs 2020
- ✓ 17% vöxtur á fjölda endursöluaðila Tempo frá 1F 2020

Helstu áherslur á 2F

- ✓ Frekari fjárfesting í eiginleikum vörunnar og tengimöguleikum fyrir aðrar Tempo vörur
- ✓ Áhersla sjálfvirknivæðingu virkni í Tempo Timesheets

Helstu áherslur til lengri tíma

- ✓ Sterk fjárhagsstaða og félagið undirbúið í frekari vöxt. Áframhaldandi skoðun á kauptækifærum til að styrkja Tempo enn frekar sem leiðtogi á sviði stafrænnar tímaskráningar.
- ✓ Viðhalda fjárfestingu í tækni til að geta skráð tíma alls staðar.
- ✓ Auka fótfestu Tempo utan Atlassian
- ✓ Mark Lorian ráðinn forstjóri




✓ TEMPO TIMESHEETS

Time tracking made easy




✓ TIMESHEET REPORTS AND GADGETS

Lightweight Time Reporting for Jira



✓ TEMPO PLANNER

The perfect tool for resource management



✓ TEMPO BUDGETS

Extensive financial tracking in Jira



✓ COST TRACKER

Simple cost tracking for Timesheets Cloud



✓ TEMPO SUITE

Seamless migration from Server to Cloud

Fjárhagur

Gunnar Petersen, Fjármálastjóri



Rekstrarreikningur F1 2021 - Tekjur lækka en EBITDA hækkar

✓ 2,4% samdráttur í tekjum

- ✓ Tekjur 4,2 mia kr
- ✓ Tekjuvöxtur í Hugbúnaði og tengdri þjónustu sem og Notendabúnaði og tengdri þjónustu
- ✓ Samdráttur í tekjum í Rekstrarþjónustu og innviðum

✓ Framlegð 26,2% samanborið við 24,6% í fyrra



- ✓ Framlegð nam 1.094 mkr samanborið við 1.050 mkr í F1 2021

✓ Rekstrarkostnaður nam 986 mkr

- ✓ Rekstrarkostnaður sem hlutfall af veltu nam 23,6% en nam 23% á sama tímabili í fyrra

✓ EBITDA nam 301 mkr

- ✓ EBITDA er 7,2% samanborið við *6,4% í fyrra
- ✓ Góð EBITDA í Hugbúnaði og tengdri þjónustu sem og Notendabúnaði og tengdri þjónustu
- ✓ EBITDA í Rekstrarþjónustu og Innviðum lækkar frá fyrra ári



*Leiðrétt fyrir einskiptiskostnað

Rekstrarreikningur F1 2021 - Hækkun rekstrarhagnaðar frá fyrra ári

- ✓ Hrein fjármagnsgjöld námu 16 mkr
 - ✓ Í fyrra var 100 mkr gengistap í fjórðungnum
- ✓ Mikil hækkun á afkomu hlutdeildarfélags, Tempo á milli ára
- ✓ Þýðingarmunur vegna starfsemi dóttur- og hlutdeildarfélaga var neikvæður um 18 mkr í Q1 2021
 - ✓ Í fyrra var þýðingarmunurinn jákvæður um 460 mkr en eignarhlutur í Tempo skýrir megin hluta af þessu
- ✓ Heildarhagnaður tímabilsins 163 mkr



Í milljónum ISK	1.1.-31.3. 2021	1.1.-31.3. 2020	%
Seldar vörur og þjónusta	4.174	4.277	-2,4%
Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu	(3.079)	(3.227)	-4,6%
Framlegð	1.094	1.050	4,2%
<i>Framlegð/tekjur (%)</i>	26,2%	24,6%	
Rekstrarkostnaður	(986)	(983)	0,3%
Rekstrarhagnaður	108	68	59,8%
<i>Rekstrarhagnaður/tekjur (%)</i>	2,6%	1,6%	
Hrein fjármagnsgjöld	(16)	(126)	
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags	103	11	
Tekjuskattur	(14)	12	
Hagnaður (tap) tímabilsins	181	(35)	
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé	(18)	460	
Heildarhagnaður tímabilsins	163	425	
EBITDA	301	237	
<i>EBITDA%</i>	7,2%	5,5%	

Óverulegar breytingar á efnahagsreikning


- ✓ Fastafjármunir hækka um 202 mkr á fyrsta ársfjórðungi 2021
 - ✓ 129 mkr hækkun í Eignarhlut á hlutdeildarfélagi
 - ✓ 185 mkr hækkun í Óefnislegum eignum
- ✓ Veltufjármunir lækka um 317 mkr á fyrsta ársfjórðungi
 - ✓ Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur lækka um 278 mkr
- ✓ Sterkur efnahagur og félagið vel í stakk búið til að styðja við áframhaldandi tekjuvöxt

í milljónum ISK	31.03.2021	31.12.2020
Rekstrarfjármunir	1.771	1.876
Óefnislegar eignir	3.091	2.906
Tekjuskattseign	0	5
Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi	3.070	2.941
Verðbréfaeign og aðrar langtímakröfur	298	300
Fastafjármunir	8.230	8.028
Birgðir	1.404	1.453
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	1.432	1.710
Handbært fé	1.184	1.173
Veltufjármunir	4.019	4.336
Eignir samtals	12.249	12.364
Eigið fé	7.176	7.012
Vaxtaberandi langtímaskuldir	596	641
Leiguskuldbindingar	1.121	1.304
Tekjuskattsskuldbinding	10	0
Langtímaskuldir	1.727	1.945
Næsta árs afborgun leiguskuldbindinga	382	326
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	86	102
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	2.878	2.978
Skammtímaskuldir	3.346	3.406
Eigið fé og skuldir samtals	12.249	12.364

Traustur efnahagur





Í milljónum ISK	31.03.2021	31.12.2020
Fastafjármunir	8.229	8.028
Veltufjármunir	4.019	4.336
Eignir Samtals	12.249	12.364
Eigið fé	7.176	7.012
Langtímaskuldir	1.727	1.945
Skammtímaskuldir	3.346	3.406
Eigið Fé og Skuldir Samtals	12.249	12.364



Sterkt Sjóðstreymi

- ✓ Hagnaður 1F fyrir þýðingarmun 181 mkr
- ✓ Afskriftir 193 mkr
- ✓ Hrein fjármagnsgjöld 16 mkr
- ✓ Breytingar á rekstartengdum liðum voru jákvæðar um 137 mkr
- ✓ Handbært fé frá rekstri var 415 mkr
- ✓ Fjárfestingar 267 mkr
 - ✓ 57 mkr í rekstrarfjármunum
 - ✓ 44 mkr í óefnislegum eignum
 - ✓ 125 mkr í rekstrareiningum að frádregnu handbæru fé
 - ✓ 31 mkr í hlutdeildarfélagi
- ✓ Leiguskuldbindingar 85 mkr
- ✓ Hækkun á handbæru fé 23 mkr





Áherslur

- ✓ Sjálfstæði eininga gert meira undir höfði
- ✓ Fókus á hagræðingu og sveigjanleika
- ✓ Umbreytingar á rekstrarþjónustu þætti Origo
- ✓ Áframhaldandi fjárfesting í eigin hugbúnaði og styrking á leiðandi stöðu kjarnasviða
- ✓ Markviss ný nálgun í sölu og markaðsmálum



Umhverfi

- ✓ Stór stafræn umbreytingaverkefni í farvatninu
- ✓ Upplýsingaöryggi og meðferð gagna er orðið lykilatriði í rekstri
- ✓ Von til þess að ferðabransinn fari að rétt úr sér
- ✓ Von á áframhaldandi fjárfestingu markaðarins á UT tengdum fyrirtækjum



Spurningar

